



Samantekt

Samráðsþing MAST 2010

Framkvæmd, niðurstöður og eftirfylgni

Inngangur

Í byrjun árs 2010 lagði forstjóri MAST fram þá hugmynd að búa til vettvang fyrir gagnvirk samskipti milli Matvælastofnunar og eftirlitspega hennar. Skipuð var nefnd sem falið var að móta og undirbúa viðburðinn. Hugmyndin var að halda árlegan fund en að víkja frá hefðbundnu fyrirlestrafyrirkomulagi ársfunda en gefa þátttakendum þess í stað kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með það að markmiði að styrkja samskipti stofnunarinnar við sína viðskiptavini.

Rætt var hvornig best væri að skapa vettvang fyrir þátttakendur til að taka þátt í virkum tvíhliða umræðum með sérfræðingum stofnunarinnar. Niðurstaða undirbúningsnefndar var að starfssvið Matvælastofnunar væri það breitt að skipta þyrfti þátttakendum upp í hópa til að ná fram hnitmiðuðum umræðum sem ættu erindi til sem flestra viðstaddra. Ákveðið var að bjóða upp á umræðuhópa og að móta hópana eftir sameiginlegum hagsmunum þátttakenda en að hafa sama umræðuefni í öllum hópum: *Samskipti MAST og viðskiptavina*. Lagt var upp með fjóra hópa: Landbúnaður, landbúnaðarafurðir, sjávarafurðir, og inn- og útflutningur. Hópstjórum var falið að leiða umræðurnar með því að kynna í stuttu máli hlutverk og starfsemi MAST gagnvart viðkomandi hópi, draga fram það sem vel hefði tekist til að þeirra mati og hvað betur mætti fara, og stýra umræðum í kjölfarið. Tveir ritarar voru skipaðir fyrir hvern hóp sem höfðu það hlutverk að punkta hjá sér helstu atriði úr umræðunum og forgangsraða þremur helstu niðurstöðum ásamt hópstjóra að umræðum loknum. Þessi atriði yrðu síðan kynnt í lok fundar fyrir öllum fundargestum og fylgt eftir innan stofnunarinnar að fundi loknum.

Undirbúningsnefnd taldi það eðlilegt að ráðherra setti fundinn og að forstjóra gæfist tækifæri til að ávarpa fundarmenn. Jafnframt var ákveðið að gefa fulltrúum frá iðnaðinum, landbúnaðinum og sjávarútveginum kost á að koma sjónarmiðum sinna félagsmanna á framfæri með stuttum fyrirlestrum.

Framkvæmd þingsins

Undirbúningsnefnd

Í undirbúningsnefnd voru Hjalti Andrason formaður, Auður Arnþórsdóttir, Ástfríður Sigurðardóttir, Garðar Sverrisson og Konráð Konráðsson.

Þátttakendur

Eftirlitsþegar Matvælastofnunar eru margir og úr ólíkum starfsgreinum. Ekki var talið raunhæft að bjóða öllum eftirlitsþegum á þingið vegna fjölda og stóð undirbúningsnefnd frammi fyrir þeim vanda að ná til allra fagsviða en að gæta hlutleysis á sama tíma. Því var ákveðið að senda boð til hagsmunasamtaka þar sem óskað var eftir að samtökin tilnefni fulltrúa til að sækja þingið fyrir hönd sinnar starfsgreinar. Hófst í kjölfarið vinna við að útbúa lista yfir öll þau hagsmunasamtök sem starfsemi MAST nær yfir og fjöldi boða ákvarðaður eftir stærð og umfangi samtakanna. Í sumum tilfellum tilheyrðu eftirlitsþegar ekki hagsmunasamtökum og voru boð send beint til þeirra í slíkum tilfellum. Sjá má boðaða aðila í töflunni hér til hægri. Jafnframt var gert ráð fyrir 20-30 starfsmönnum frá Matvælastofnun eða alls um 70-100 þátttakendum. Lista yfir alla þátttakendur sem skráðu sig á þingið má sjá í viðauka I.

Dagskrá

13:00 – 13:10 Setning og ávarp ráðherra
 13:10 – 13:30 Erindi forstjóra MAST
 13:30 – 13:40 Erindi fulltrúa iðnaðarins
 13:40 – 13:50 Erindi fulltrúa landbúnaðarins
 13:50 – 14:00 Erindi fulltrúa sjávarútvegsins
 14:00 – 14:15 Kaffi
 14.15 – 15.45 Umræðuhópar
Samskipti MAST og viðskiptavina
 15:45 – 16:00 Kaffi
 16:00 – 16:50 Kynning á niðurstöðum hópa
 16:50 – 17:00 Lokaorð

Staðsetning

Hilton Reykjavík Nordica.

Tafla 1: Boðaðir aðilar á Samráðsþing

Samtök	Fjöldi
Bændasamtök Íslands	10
Samtök fiskvinnslustöðva	10
Dýralæknafélag Íslands	2-4
Dýraverndarsamband Íslands	2-4
Félag atvinnurekanda	2-4
Félag eggjaframleiðanda	2-4
Félag hrossabænda	2-4
Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda	2-4
Félag kjúklingabænda	2-4
Hundaræktarfélag Íslands	2-4
Kynjakettir	2-4
Landsamband sláturleyfishafa	2-4
Landssamband íslenskra útvegsmanna	2-4
Landssamband kúabænda	2-4
Landssamband smábátæigenda	2-4
Landssamtök sauðfjábænda	2-4
Samband garðyrkjubænda	2-4
Samband íslenskra loðdýrabænda	2-4
Samorka	2-4
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði	2-4
Samtök ferðaþjónustunnar	2-4
Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda	2-4
Samtök iðnaðarins	2-4
Samtök verslunar og þjónustu	2-4
Skelrækt	2-4
Svínaræktarfélag Íslands	2-4
Æðarræktarfélag Íslands	2-4
Búgarður - Ráðgjafaþjónusta Norðausturlandi	1-2
Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu	1-2
Búnaðarsamband A-Skaftafellssýslu	1-2
Búnaðarsamband Austurlands	1-2
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	1-2
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	1-2
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	1-2
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	1-2
Búnaðarsamband Skagfirðinga	1-2
Búnaðarsamband Strandamanna	1-2
Búnaðarsamband Suðurlands	1-2
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	1-2
Búnaðarsamband Vestfjarða	1-2
Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu	1-2
Búnaðarsamtök Vesturlands	1-2
Bústólpi	1-2
Fóðurblandan	1-2
Fóðurverksmiðjan Laxá	1-2
Geitfjarræktarfélag Íslands	1-2
Íslenska kalkþörungafélagið	1-2
Kornhlaðan	1-2
Landssamband kanínubænda	1-2
Lífland	1-2

Framsöguerindi

Lagt var upp með stuttum og hnitmiðuðum fyrirlestrum til að sem mestur tími gæfist í tvíhliða umræður innan umræðuhópanna. Haft var samband við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að setja þingið. Að loknu erindi forstjóra var gert ráð fyrir erindum frá fulltrúum eftirlitsþega. Haft var samband við Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands og Samtök fiskvinnslustöðva og leitað eftir því að samtökin tilnefndu einn fulltrúa til að flytja erindi. Samtök iðnaðarins tilnefndu Ragnheiði Héðinsdóttur, forstöðumann matvælasviðs. Bændasamtökin tilnefndu Ernu Bjarnadóttur, sviðsstjóra félagssviðs og Samtök fiskvinnslustöðva Guðberg Rúnarsson, framkvæmdastjóra Landssambands fiskeldisstöðva. Voru gestafyrirlesarar beðnir um að fjalla um samskipti og samstarf MAST og viðkomandi starfsgreina þar sem athygli væri vakin á mikilvægum málum sem snerta samtökin og félagsmenn þeirra.

Umræðuhópar

Boðið var upp á 4 umræðuhópa og þátttakendur beðnir um að taka fram við skráningu hvaða umræðuhóp þeir hygðust sækja.

- H1: Landbúnaður – dýraheilbrigði og velferð: búfjárrækt
- H2: Landbúnaðarafurðir – framleiðsla: mjólk, kjöt, fóður, plöntur, áburður
- H3: Sjávarútvegur – fiskvinnslur, skelrækt, fiskeldi
- H4: Inn- og útflutningur – dýr, matvæli, fiskur, áburður, fóður, plöntur

Fyrir hvern hóp var skipaður hópstjóri, ásamt tveimur riturum. Hlutverk ritara var að fylgjast með umræðum og taka saman þrjú forgangsraðaða punkta um atriði sem MAST getur bætt í sinni starfssemi, í samráði við hópstjóra.

Kynning niðurstaðna

Að loknum hópumræðum og kaffi komu allir saman í aðalsal þar sem ritari úr hverjum hópi kynnti umræðurnar og forgangsröðuðu niðurstöðurnar þrjár á 10 mínútum.

Niðurstöður

Hópur 1 – Landbúnaður

Auk starfsfólks Matvælastofnunar voru 11 þátttakendur í hópnum. Meðal þeirra voru fulltrúar sauðfjárræktar, loðdýraræktar, kjúklingaræktar, nautgriparæktar, hundaræktar, Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambanda. Þátttaka í umræðum var góð. Að loknum umræðum tóku ritarar og hópstjóri saman eftirfarandi atriði til kynningar:

1. Dýravelferð
 - markvisst verklag
 - endurskoðun á lögum og reglugerðum
2. Dýralæknisþjónusta - sjúkdómagreiningar
 - þarfagreining
 - ný nálgun
3. Einföldun á eftirliti
 - kostnaður
 - áhættumat /umbun

1. Dýravelferð

Dýravelferð var mjög ofarlega í huga flestra þátttakenda. Matvælastofnun var hvött til þess að taka hart á málum þar sem brot á dýraverndarlögum ætti sér stað. Margir töldu nauðsynlegt að skerpa heimild til vörslusviptingar í málum þar sem um illa meðferð á dýrum væri að ræða. Ill meðferð á dýrum hefði einnig áhrif á ímynd viðkomandi búgreina. Óskað var eftir því að umræða og meðferð dýravelferðarmála væri á faglegum nótum og þar hentaði best að eiga samskipti við MAST en ekki sérhópa. Lögð var áhersla á að dýralæknaþjónusta yrði tryggð um allt land því aðgengi að dýralæknum væri mikilvæg m.t.t. dýravelferðar. Matvælastofnun mætti þó gæta hófs í aðgerðum sínum og sýna meiri sveigjanleika t.d. varðandi útivist nautgripa. Afar brýnt er að tekið sé á dýravelferðarmálum með samræmdum hætti og málin skoðuð í heildrænu samhengi svo koma megi í veg fyrir það óöryggi sem nú virðist ríkja þegar dýravelferðarmál koma upp. Þörf er einnig á að endurskoða lög um búfjárhald sem og aðbúnaðarreglugerðir og var bent á í því samhengi að húsakost vantaði fyrir þúsundir hrossa vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

2. Dýralæknaþjónusta – sjúkdómagreiningar

Sökum breytinga á lögum um dýralækna komu fram áhyggjur bænda um að dýralæknaþjónusta yrði minni samanborið við þá þjónustu sem í boði er í dag. Var því haldið fram að sauðfjárlækningar myndu leggjast af. Talsverð umræða varð um sjúkdómagreiningar og sjúkdómarannsóknir helst af hálfu bænda. Fram kom að hér þyrftu verkferlar að vera skýrir. Nefnt var að ekki virtist vera ljós verkaskipting á milli Matvælastofnunar annars vegar og Keldna hins vegar og hver ætti að hafa frumkvæði að sjúkdómagreiningum og rannsóknum. Bændur gerðu sér ekki alltaf grein fyrir því hvort um smit- eða fóðurtengdan sjúkdóm væri að ræða. Aðgengi að dýralæknum væri í þessu samhengi mikilvægt og var gerð tillaga um að taka upp virka heilsugæslu dýra. Mætti endurskoða hlutverk eftirlitsdýralækna í þessu samhengi. Kostnaður vegna sjúkdómarannsókna var af mörgum talinn of hár og í sumum tilfellum ofviða bændum. Sumir töldu rétt að MAST greiddi rannsóknakostnaðinn í stað bænda.

3. Einföldun á eftirliti

Í umræðunum komu fram sterkar óskir um skýra verkferla og verklagsreglur svo koma megi í veg fyrir mismunun í eftirliti og aðgerðum MAST. Talið var brýnt að stofnunin hefði meiri samskipti við hagsmunaaðila og heimamenn í þessu samhengi svo þeir hafi möguleika á aðkomu að ákvarðanatöku. Jafnframt lögðu margir áherslu á að taka þyrfti hart á málum og skussum þegar um brot á lögum og reglugerðum væri að ræða og hvort ekki væri nauðsynlegt að allar búgreinar væru starfsleyfisskyldar. En þar sem hlutirnir væru í lagi þyrfti ekki að hafa strangt eða árlegt eftirlit. Til þess að gæta samræmis þyrfti einnig að hafa eftirlit með allri búfjárræktinni en ekki bara hluta hennar eins og raunin er í dag. Nefnt var hvort brestur hefði orðið á í eftirliti MAST með fódri vegna aukningar á salmonellu í kjúklingum. Bagalegt sé einnig að skráningum sé ábótavant sérstaklega þar sem greiðslur til bænda eru byggðar á þeim. Svo spara megi tíma og vinnu og stuðla að samræmingu kom fram að þörf væri á einföldun á eftirlitskerfinu. Bændasamtökin bentu sömuleiðis á að þegar um samstarf þeirra og MAST er að ræða vantaði skýrari verkferla (hver eigi að gera hvað) þeirra á milli. Sérstaklega var tekið fram í þessu samhengi að ef forrita ætti samkvæmt reglugerðum þyrftu þær að vera sérlega skýrar svo vel mætti takast til.

Einn þátttakandi nefndi að MAST væri illa þokkuð í sauðfjárræktinni. Fulltrúar annarra búgreina eða aðrir þátttakendur tóku ekki undir þetta sjónarmið en nefndu hið gagnstæða. Góð samskipti við MAST voru nefnd og var ánægja sögð með eftirlit MAST í sumum tilfellum. Bent var á að vel hefði tekist til með samræmingu eftirlits við gerð handbókar vegna fjósaskoðunar.

Hópur 2 - Landbúnaðarafurðir

Auk starfsfólks Matvælastofnunar voru 12 þátttakendur í hópnum. Meðal þeirra voru fulltrúar Samtaka iðnaðarins, Bændasamtakanna, mjólkuriðnaðarins, Landsambands kúabænda, Samtaka sauðfjárnænda og fiskmjölsframleiðenda. Þátttaka í umræðum var góð. Að loknum umræðum tóku ritarar og hópstjóri saman eftirfarandi atriði til kynningar:

1. Samráð og kynning
 - EB löggjöf
 - séríslensk löggjöf
 - einfalt og ódýrt eftirlit byggt á áhættumati og áhættuflokkun
2. Samræming eftirlits
 - eðli og umfang starfseminnar
 - áhættumat og áhættuflokkun
3. Rafræn samskipti
 - viðskiptavinir MAST geti fylgst með málum sínum rafrænt

1. Samráð og kynning

Þátttakendur höfðu áhuga á að fylgjast með nýjum reglum í farvatninu og koma að umræðum um þær eins snemma í ferlinu og hægt er. Þeir fögnuðu auknum samskiptum við stjórnsýslusvið og óskuðu eftir meiru af slíku. Fulltrúar samtaka vildu gjarnan taka þátt í að koma upplýsingum frá MAST til fyrirtækja innan samtakanna. Þátttakendur kölluðu eftir meiri kynningu frá MAST á nýjum lögum og reglum og hvernig fyrirtæki ættu að bregðast við, sem og námskeiðum um áhættugreiningu og flokkun. Samkvæmt nýju matvælalöggjöfinni á allt eftirlit að stýrast af áhættu. Því er mikilvægt að áhættuflokkun fyrirtækja og áhættumat fyrir hverja grein fari fram sem fyrst. Samtök iðnaðarins lýstu yfir efasemdum yfir getu þeirra til að útbúa leiðbeiningar fyrir þann fjölda mismunandi greina innan samtakanna vegna þess mikla fjölda og óskuðu eftir samstarfi við Matvælastofnun um gerð

leiðbeininga sem geta nýst sem flestum greinum matvælaframleiðslu til að uppfylla kröfur nýrrar matvælaöggjafar. Í lögnum eru heimildir til að innheimta eftirlitsgjöld sem hætta er á að verði mikil byrði fyrir fyrirtæki og afar mikilvægt að þeim sé haldið í því lágmarki sem mögulegt er. Fyrirtæki sem standa vel að sínu innra eftirliti eiga að njóta þess í færri heimsóknum opinbera eftirlitsins og þar með lægri gjöldum. Sýnatökur eiga ekki að vera umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja öryggi matvæla og fódurs.

2. Samræming eftirlits

Þátttakendur lögðu mikla áherslu á að eftirlit þyrfti að vera samræmt og nefndu nýja fjósaskoðunarhandbók sem góða fyrirmynd að samræmingu. Mikilvægt er að eftirlit sé framkvæmt og að áherslur séu þær sömu allsstaðar bæði á mismunandi svæðum og hvort sem fyrirtæki væru lítil eða stór. Einnig var talið mikilvægt að samræma eftirlit milli heilbrigðiseftirlitssvæða. Fiskmjölsframleiðendur bentu á að þeir væru undir ströngu eftirliti erlendra eftirlitsstofa og því undir margföldu eftirliti.

3. Rafræn samskipti

Rætt var um gagnagrunna og þ.á.m. MARK gagnagrunninn þar sem bændur skrá sjálfir upplýsingar. Svipaðar beintengingar fannst mönnum mikilvægar í öðrum sambærilegum gagnagrunnum. Rætt var um heimasíðu Matvælastofnunar og að flýta þyrfti möguleikanum á rafrænum skilum sem væru framtíðin. Spurning hvort ekki sé hægt að nota rafræn gögn við talningu gripa. Gagnagrunnur fjósaskoðunar kynntur stuttlega, vefviðmót er komið og niðurstöður eftirlits skráðar en er aðeins opin fyrir eftirlitsaðila enn sem komið er. Hugmyndin er að viðskiptavinir geti skoðað sín eigin gögn. Þátttakendur töldu að gagnagrunnar ykju samræmi í eftirliti. Spurt var um skráningu á lyfjanotkun í stórgripum og hvort það muni tengjast skráningu á gripum. Upplýst var að byrjað væri að skrá hross á þennan hátt og byrjað yrði á búfé í haust. Það verður skylt að skrá alla ávísun lyfja, kaup og notkun. Dýralæknir og bóndi skulu skrá það sem að þeim snýr, en skráning er á ábyrgð bónda.

Þátttakendur vildu fara varlega í að birta niðurstöður eftirlits á netinu. Þeir töldu það viðkvæmt vegna fæðar fyrirtækja. Eftirlit þurfi að vera samræmt til að birting eigi rétt á sér.

Hópur 3 - Sjávarútvegur

Fyrir utan starfsfólk Matvælastofnunar voru 13 þátttakendur í hópnum. Meðal þeirra voru fulltrúar frá samtökum fiskvinnslustöðva, HB Granda, Frostfiski, landssamtökum smábátasjómannanna, fiskmörkuðum o.fl. Þátttaka í umræðum var góð.

Að loknum umræðum tóku ritarar og hópstjóri saman eftirfarandi atriði til kynningar:

1. Fræðsla

- óskað eftir meira fræðsluefni
- eftirlitsmenn MAST og skoðunarstofur veiti fræðslu og upplýsingar
- setja kröfur um menntun til þeirra sem stofna matvælafyrirtæki
- setja í löggjöf kröfu um fræðslu starfsfólks í matvælaíðnaði

2. Starfsgreinahandbók
 - verkaskipting við gerð leiðbeininga um góða framleiðsluhætti
 - gæti orðið erfitt í framkvæmd
 - a. Ekki allir í samtökum
 - b. Hver er tilgangurinn?
 - c. Samtökin lítil
 - ósk um að MAST komi að vinnunni
4. Áhættuflokkun
 - áhugi að því að koma að vinnunni
 - hagsmunamál
 - góð fyrirtæki njóti þess

1. Fræðsla

Þörf á fræðslu var ofarlega í huga þáttakanda. Fram kom að framboð á sérhæfðri menntun í greininni er lítið eftir að Fiskvinnsluskólinn hætti starfsemi. Óskað var eftir að MAST gæfi út fræðsluefni og að heimsóknir skoðunarstofa og starfsmanna MAST í fyrirtækin væru nýttar til að dreifa og kynna fræðsluefni. Einnig töldu menn þörf á að í löggjöf væru settar fram lágmarkskröfur til menntunar þeirra sem stofna matvælaframtækni. Rætt var um hvort setja ætti í löggjöf kröfu um fræðslu til þeirra sem vinna í matvælaíðnaði eins og gert er í Danmörku og Finnlandi.

2. Starfsgreinahandbók

Samkvæmt löggjöf ber MAST að hvetja til þess að leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og HACCP séu útbúnar fyrir mismunandi starfsgreinar. Hlutverk mismunandi aðila við gerð starfsgreinahandbóka var rætt. Menn veltu fyrir sér tilganginum og var hann ræddur. Fram kom að þeir sem helst þyrftu að fá aðgang að slíkum bókum eru ekki í samtökum fiskvinnslustöðva.

Stærstu framleiðendurnir eru yfirleitt með hlutina í lagi og hafa sjálfir byggt upp sínar handbækur en litlir aðilar eru yfirleitt ekki í samtökunum. Fram kom að hér eru samtök lítil og hafa þau ekki burði til að standa undir slíkri vinnu. Það kom því fram ósk um að MAST komi að þeirri vinnu sem þarf að fara fram vegna starfsgreinahandbóka.

3. Áhættuflokkun

Kynnt var sú krafa í nýrri matvælaölgjöf að allt eftirlit skuli vera áhættumiðað. Bent var á þann ávinning sem þess háttar kerfi getur falið í sér fyrir þá matvælaframleiðendur sem standa sig vel. Rætt var um að tímabært væri að byggja tíðni eftirlits á áhættu og stöðu fyrirtækisins hvað varðar húsnæði, búnað og virkni innra eftirlits (eftirlitssaga). Það að skoða öll fyrirtæki 4 sinnum á ári og vinnsluskip til viðbótar 2 sinnum á ári (skoðanir veiðieftirlitsmanna Fiskistofu fyrir MAST) þótti of mikið. Menn töldu mjög brýnt að koma slíkri áhættuflokkun á og væri það klárt hagsmunamál fyrir alla í greininni. Iðnaðurinn lýsti yfir áhuga að koma að þeirri vinnu á einhverju stigi. Mikilvægt var talið að fyrirtæki sem standa sig vel í að uppfylla kröfur reglugerða njóti þess í færri eftirlitsheimsóknum og þar af leiðandi lægri eftirlitsgjöldum.

Hópur 4 – Inn- og útflutningur

Í umræðuhópnum voru fulltrúar loðdýrabænda, hunda- og kattaræktarfélög, talsmaður LÍÚ, Félag hrossabænda, fulltrúar sláturleyfishafa og framkvæmdastjóri bændasamtakana ásamt starfsmönnum MAST.

Að loknum umræðum eru dregin þrjú atriði sem stóðu uppúr:

1. Kynning á nýjum reglugerðum
 - innflutningur
 - útflutningur
2. Reglur sem gilda fyrir 3ju ríki
 - innflutningur
 - útflutningur
3. Innflutt fóður

1. Kynning á nýjum reglugerðum er varða inn- og útflutning

Fyrirtækin og samtökin óskuðu eftir kynningafundum og dreifipósti þegar von er á nýjum reglugerðum er varða inn- og útflutning.

2. Reglur sem gilda fyrir inn- og útflutning til 3ju ríkja

Beðið var um að kynntar yrðu þær breytingar og hvaða kröfur væru gerðar við inn- og útflutning til 3ju ríkja. Tillaga að á heimasíðu MAST væri safnað saman undir einn flokk allar upplýsingar um kröfur sem gerðar væru um innflutning til Íslands frá ríkjum utan EES og útflutning frá Íslandi til landa utan EES.

3. Innflutt fóður

Áhyggur af aukinni tíðni á salmonellu í svínum og kjúklingum og hvort orsökina sé að finna í salmonellasmituðu innfluttu fóðri. Spurt var um sýnatökur og meðhöndlun á innfluttu fóðri.

Í lok umræðunnar var spurt hvort hægt væri að stytta dvalartíma gæludýra í einangrun og hvort væri til tölfraði um niðurstöður sýnataka úr dýrum í einangrun.

Almenn ánægja var með þjónustu MAST.

Lokaorð

Ólíkt hefðbundnum ársfundi var aukin áhersla lögð á gagnvirk samskipti í gegnum umræðuhópa þar sem eitt og sama málefni var til umfjöllunar, samskipti MAST og viðskiptavina, og hópum þess í stað skipt upp eftir sameiginlegum hagsmunum þátttakenda.

Í framhaldinu af þinginu voru ofangreind atriði úr hópumræðunum sendar á starfsfólk Matvælastofnunar og verða tekin fyrir á sviðsfundum með það fyrir augum að gera á þeim úrbætur.

Af viðbrögðum að dæma virtist ríkja almenn ánægja meðal starfsfólks og fundargesta um þingið og er stefnt er að því að gera þingið að árlegum viðburði með sambærilegu fyrirkomulagi.

Viðauki I

Skráðir þátttakendur	Samtök	Umræðuhópur
Ágúst Andrésson	Landsamband sláturleyfishafa	H4
Árni V. Kristjánsson	Samband íslenskra loðdýrabænda	H1
Baldur H. Benjamínsson	Landssamband kúabænda	H4
Bergur Einarsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna	H3
Bergþóra Þorkeldsdóttir	Lífland	H2
Bersveinn Reynisson	Skelrækt	H3
Birkir H. Hjálmarsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna	H3
Bjarni Jónsson	Samband garðyrkjubænda	H4
Bjarni R. Brynjólfsson	Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði	H2
Bjarni Áskelsson	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Björn Halldórsson	Samband íslenskra loðdýrabænda	H1
Björn Ólafsson	Hundaræktarfélag Íslands	H1
Einar Birgisson	Skelrækt	H3
Eiríkur Blöndal	Bændasamtök Íslands	H1
Erlendur Jóhannsson	Fóðurblandan	H2
Erna Bjarnadóttir	Bændasamtök Íslands	H2
Friðbjörn Ásbjörnsson	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Friðrik Blomsterberg	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Friðrik Friðriksson	Landssamband íslenskra útvegsmanna	H3
Geir Gunnar Geirsson	Svínaræktarfélag Íslands	H1
Guðbergur Rúnarsson	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Guðbjörg Guðmundsdóttir	Kynjakettir	H4
Guðnýju Helgu Björnsdóttir	Landssamband kúabænda	H1
Gunnar Örn Kristjánsson	Fóðurverksmiðjan Laxá	H4
Hauk Jónsson	Félag íslenskra fiskmjólsframleiðenda	H3
Helga Guðmundsdóttir	Búnaðarsamband Austurlands	H1
Hilmar Sigurðsson	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Ingimundur Bergmann	Félag kjúklingabænda	H2
Jóhanna K Guðmundsdóttir	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Jón Baldur Lorange	Bændasamtök Íslands	H1
Jón K. Baldursson	Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði	H2
Jón Magnús Jónsson	Félag kjúklingabænda	H2
Jón Páll Baldvinsson	Skelrækt	H3
Jón Örn Pálsson	Skelrækt	H3
Jóna Th. Viðarsdóttir	Hundaræktarfélag Íslands	H4
Kristinn Guðnason	Félag hrossabænda	H4
Linda Karen Gunnarsdóttir	Dýraverndarsamband Íslands	H2
Margrét Björk Sigurðardóttir	Dýraverndarsamband Íslands	H3
Margrét Kjartansdóttir	Hundaræktarfélag Íslands	H1
Matthías Hannes Guðmundsson	Félag kjúklingabænda	H2
Ólafur E. Ólafsson	Samtök fiskvinnslustöðva	H3
Ólafur Einarsson	Félag hrossabænda	H1
Ólafur R. Dýrmundsson	Dýraverndarsamband Íslands	H1
Ómar S. Jónsson	Bændasamtök Íslands	H2
Ragnheiður Héðinsdóttir	Samtök lónaðarins	H2
Rúnar Þ. Stefánsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna	H3
Sigurð Loftsson	Landssamband kúabænda	H2
Sigurður B. Halldórsson	Samtök lónaðarins	H4
Sigurður Eypórssson	Landssamtök sauðfjárbænda	H2
Sigurður Jóhannesson	Landsamband sláturleyfishafa	H2
Sigurður Kristjánsson	Bændasamtök Íslands	H1
Sigurður Þór Guðmundson	Búnaðarsamband N-Þingeyinga	H1
Sigurgeir Hreinsson	Landssamband kúabænda	H4
Sindri Sigurgeirsson	Landssamtök sauðfjárbænda	H1
Steindór Sverrisson	Landssamband íslenskra útvegsmanna	H3
Tjörvi Bjarnason	Bændasamtök Íslands	H1
Valgerður Júlíusdóttir	Hundaræktarfélag Íslands	H4
Vigdís Andersen	Kynjakettir	H4

Vigdís Sveinbjörnsdóttir	Búnaðarsamband Austurlands	H2
Þórarinn Pétursson	Landssamtök sauðfjárbænda	H4
Þórhall Jónasson	Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda	H3
Örn Pálsson	Landssamband smábátaeigenda	H3
Anna Jóhannesdóttir	Matvælastofnun	H1
Brigitte Brugger	Matvælastofnun	H1
Dóra S. Gunnarsdóttir	Matvælastofnun	H3
Guðjón Gunnarsson	Matvælastofnun	H3
Halldór Runólfsson	Matvælastofnun	H1
Herdís Guðjónsdóttir	Matvælastofnun	H4
Hjalti Andrason	Matvælastofnun	H1-4
Ingibjörg Árnadóttir	Matvælastofnun	H2
Ingibjörg Jónsdóttir	Matvælastofnun	H2
Jón Gíslason	Matvælastofnun	H1-4
Jónína Stefánsdóttir	Matvælastofnun	H4
Katrín Andrésdóttir	Matvælastofnun	H2
Kjartan Hreinsson	Matvælastofnun	H2
Margrét Bragadóttir	Matvælastofnun	H4
Ólafur Jónsson	Matvælastofnun	H1
Sigurður Örn Hansson	Matvælastofnun	H2
Sigurgeir Ólafsson	Matvælastofnun	H2
Stefán Guðmundsson	Matvælastofnun	H1-4
Sverrir Sverrisson	Matvælastofnun	H1
Valgeir Bjarnason	Matvælastofnun	H4
Viktor S. Pálsson	Matvælastofnun	H1
Þorsteinn Ólafsson	Matvælastofnun	H1
Þorvaldur Þórðarson	Matvælastofnun	H4
Þór Gunnarsson	Matvælastofnun	H3
Þuríður Pétursdóttir	Matvælastofnun	H2